

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Mjóaness.*  
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri 2 ha lóð, Mjóanesi 20.  
Samþykkt í sveitarstjórn 11. október 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugaráss.*  
Í breytingunni felst að afmörkun skipulagssvæðisins er breytt þannig að 6,3 ha svæði umhverfis Hótel Hvítá, norðvestan Skálholtsvegur, er tekið út úr deiliskipulagi Laugaráss og á því svæði tekur við nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarhúsasvæði við Hótel Hvítá. Aðrir hlutar eldra deiliskipulags halda gildi sínu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2009.
3. *Deiliskipulag íbúðasvæðis við Hótel Hvítá.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 6,3 ha svæði umhverfis Hótel Hvítá er gert ráð fyrir 48 íbúðum, þar af 5 í einbýlishúsum, 18 í parhúsum og 25 íbúðum í 8 raðhúsallengjum.  
Samþykkt í sveitarstjórn 12. janúar 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 16. desember 2010.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**